

Nefndasvið Alþingis  
Iðnaðarnefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 26. janúar 2010

**Efni: Frumvarp til laga um heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ, 320. mál.**

Samtök iðnaðarins styðja eindregið að frumvarp þetta verði að lögum.

Bygging gagnavers í Reykjanesbæ er mikilvægur þáttur í nauðsynlegri uppbyggingu í atvinnulífinu til skamms og langs tíma. Takist vel til með verkefnið geta áhrif þess orðið umtalsverð og ný atvinnustarfsemi skotið rótum hérlendis.

Samtök iðnaðarins hvetja Alþingi til þess að hraða afgreiðslu frumvarpsins eins og kostur er. Því fleiri óvissuþáttum sem rutt er úr vegi nauðsynlegrar uppbyggingar því betra.

SAMTÖK IÐNAÐARINS



Jón Steindór Valdimarsson  
framkvæmdastjóri